



Starfsáætlun leikskólans Asparlautar í Reykjaneshæ 2025-2026

Reykjaneshæ, september 2025



Inngangur

Starfsáætlun er ætluð foreldrum og fræðsluþyrirvöldum til kynningar á skólastarfi fyrir komandi ár og er einnig vegvísir fyrir starfsmenn leikskólans. Upplýsingar um starfið er hægt að nálgast á vef Reykjanesbæjar á heimasíðu leikskólans:

<https://www.reykjanesbaer.is/is/thjonusta/menntun-og-fraedsla/leikskolar/asparlaut> og í nýrri skólanámskrá leikskólans sem er væntanleg á haustmánuðum 2025.

Í þessari starfsáætlun verða tíunduð helstu verkefni Heilsuleikskólans Asparlautar starfsárið 2025-2026. Starfsáætlun byggir á endurmati frá síðasta skólaári. Endurmat á starfi skólans er tekið fyrir á deildarstjórafundum, starfsmannafundum og á skipulagsdögum. Starfið í heild sinni er endurskoðað í lok starfsárs og jafnframt er kannað hvort áætlanir hafi verið raunhæfar og árangursríkar. Sem fyrr eru verkefnin mörg og fjölbreytt og taka þau sérstaklega mið af nýrri menntastefnu Reykjanesbæjar, Með opnum hug og gleði í hjarta. Skólanámskrá Asparlautar er í endurskoðun með áherslum nýrrar menntastefnu að leiðarljósi. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna auk Heimsmarkmiða fléttast sömuleiðis inn í nýja námskrá.

Leikskólinn Asparlaut er heilsuleikskóli og vinnur eftir heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur, einnig tekur leikskólinn þátt í verkefninu Heilsueflandi leikskóli sem er verkefni á vegum Embættis landlæknis.



Efnisyfirlit

1. Starfsáætlun Asparlautar 2025-2026	4
1.1 Hlutverk.....	4
1.2 Þjónustustig	4
1.3 Markmið og framtíðarsýn	4
Heilsustefna Unnar Stefánsdóttur.....	4
Það læra börnin sem þau búa við.....	5
Leikgleði með sögum og söng.....	5
Menntastefna Reykjanesbæjar - með opnum hug og gleði í hjarta	6
Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna	7
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	7
1.4 Gæðamarkmið.....	7
1.5 Jafnréttismál.....	9
1.5 Helstu verkefni á árinu.....	9
1.6 Skipulagsdagar og vetrarfrí.....	10
1.7 Foreldrasamstarf	10
1.8 Endurmenntun.....	11
Lokaorð.....	12
Samþykki frá foreldraráði.....	13
Viðauki.....	14
Leikskóladagatal Asparlautar 2025-2026	14
Tölulegar upplýsingar.....	14

1. Starfsáætlun Asparlutar 2025-2026

1.1 Hlutverk

Fram kemur í lögum um leikskóla frá árinu 2008 að leikskólinn er fyrsta skólastigið og starfar samkvæmt því. Í fyrstu grein laganna segir að leikskólinn sé fyrsta skólastigið í skólakerfinu og sé fyrir börn undir skólaskyldualdri. Leikskólinn annast uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við lög þessi að ósk foreldra. Jafnframt segir í lögum að í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótað af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar (Lög um leikskóla, 2008).

1.2 Þjónustustig

Leikskólinn Asparlout er leikskóli fyrir börn á aldrinum 1-6 ára.

1.3 Markmið og framtíðarsýn

Helstu áherslur í starfi Asparlutar á skólaárinu 2025-2026 eru að aðlagast nemendum og starfsfólki skólans að nýju húsnæði þar sem breyttar áherslur og aðbúnaður hefur breyst frá því í fyrra húsnæði Garðasels.

Deildum leikskólans hefur fjölgað um tvær og eru þær ekki lengur



aldursskiptar eins og áður var. Þessar nýju áherslur kalla á nýtt verklag og vinnuframlag starfsfólks og verður skólaárið vel nýtt til að aðlagast þessum breyttu aðstæðum og hlúa að vellíðan allra sem að skólastarfinu koma.



Aðrar áherslur í starfi Asparlutar á skólaárinu eru:

Heilsustefna Unnar Stefánsdóttur

Asparlout er heilsuleikskóli og hefur unnið eftir heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur frá árinu 2012 og er því með 10 ára reynslu sem heilsuleikskóli. Alls eru yfir tuttugu heilsuleikskólar á landinu. Markmið heilsuleikskóla er að stuðla að heilsuefningu í leikskólasamfélaginu með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Markmið heilsustefnunnar er að venja börn strax í barnæsku við heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífsstíl þeirra til



framtiðar. Áherslupættir heilsuleikskóla geta verið mismunandi eftir leikskólum en góð næring, góð hreyfing og listsköpun skal ávallt vera aðalsmerki þeirra. Einkunnarorð heilsuleikskólans Asparlautar eru: hreyfing – næring – skapandi starf – virðing.

Einn af meginþáttum heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur er skráning í Heilsubók barnsins sem útbúin er fyrir hvert barn leikskólans, með samþykki forráðamanna. Heilsubók barnsins er gæðamatskvarði heilsuleikskóla og skráningartæki skólans þar sem fylgst er með alhliða þroska barnsins og er hún hluti af innra mati skólans. Í bókina eru skráðar ýmsar upplýsingar um barnið tvisvar á ári, t.d. hæð og þyngd, heilsufar, næringu og svefn, leik, félagslega færni, gróf- og fínhreyfingar og þróun myndsköpunar. Skráningin veitir kennurum haldbæran grunn í foreldrasamtölum og gefur að auki hlutlausa sýn á þroskasögu barnsins (Heilsustefnan, e.d.). Síðustu ár hefur verið unnið að innleiðingu rafrænnar heilsubókar í heilsuleikskólum landsins og hefur sú innleiðing einnig verið í Asparlaut og frá hausti 2024 hafa allar deildir tileinkað sér rafrænt form bókarinnar. Með þessu minnkar pappírsmarkað og upplýsingar um barnið varðveitast á öruggum rafrænum grunni þar sem forráðamenn nálgast upplýsingar í gegnum rafræn skilríki eða lykilorð.

Það læra börnin sem þau búa við

Þróunarverkefni skólans, *Það læra börnin sem þau búa við*, er rauður þráður í öllu starfi skólans. Verkefnið snýst um heildstæða kennsluáætlun í hópastarfi fyrir hvern og einn árgang fyrir sig. Þar af leiðir að allur skólinn vinnur að sameiginlegri sýn, kennarar eru öruggir í starfi og allar deildir ræða sín á milli um markmiðin og leiðir í starfinu. Þessi þróun heldur áfram og er endurskoðuð árlega. Á árinu 2022 hlaut Asparlaut (þá Garðasel) styrk frá Nýsköpunar- og þróunarsjóði fræðslusviðs Reykjanesbæjar til að endurvinnna vikuáætlanirnar enn frekar þar sem meðal annars er unnið með orðaforðalista menntamálastofnunar. Orðaforðalistinn er verkfæri fyrir leikskólakennara og foreldra til að efla orðaforða barna. Hann inniheldur hugtök sem æskilegt er að börn á leikskólaaldri hafi á valdi sínu.

Með tilkomu breytinga á fyrirkomulagi innan deilda skólans mun hópastarf leikskólans einnig taka lítillegum breytingum þar sem blandaður aldur barna er á flestum deildum. Unnið verður í formi hringekju þar sem börnin fara á milli stöða með ýmsum fjölbreyttum verkefnum. Áfram verður notast við heildstæðar kennsluáætlanir í hópastarfi sem áður var minnst á.

Leikgleði með sögum og söng

Samstarfsverkefni Birte Harsen, bókasafns Reykjanesbæjar og allra leikskóla í Reykjanesbæ, *Leikgleði með sögum og söng*, hófst formlega á haustönn 2023. Starfsfólk leikskólanna sem tekur þátt í verkefninu hefur farið á námskeið hjá Birte þar sem farið

var yfir aðferðir til að vinna með sögur, vísur og söng í gegnum leikræna gleði til að nýta í starfi með öllum börnum.

Mikil áhersla er á hið sjónræna í leik, sögum og söng og hefur starfsfólk Asparlautar unnið að því hörðum höndum að byggja upp hafsjo af verkefnum með sögum og söng til að nota í starfi með nemendum skólans.



Menntastefna Reykjaneshajar - með opnum hug og gleði í hjarta

Menntastefna Reykjaneshajar 2021-2030, *Með opnum hug og gleði í hjarta* er ætlað að veita leiðsögn og innblástur öllum þeim sem koma að starfi með börnum og ungmennum í sveitarfélaginu. Stefnan byggir á þremur leiðarljósum sem eiga að einkenna allt starf með börnum og ungmennum í sveitarfélaginu. Þau varða leiðina að farsæld barna þar sem allir sem koma að menntun og uppeldi eru mikilvægir þátttakendur (Menntastefna Reykjaneshajar, 2021). Leiðarljósir eru: Börnin mikilvægust – Faglegt menntasamfélag og Kraftur fjölbreytileikans.



Börnin mikilvægust

Í leiðarljósi stefnunnar um mikilvægi barnanna kemur fram að mikilvægt sé að skapa börnum umhverfi sem einkennist af trausti og virðingu og að allt starf skuli snúast að farsæld þeirra þar sem er verið að skapa um. Í nýju húsnæði Asparlautar er áhersla lögð á þetta traust og virðingu sem nauðsynlegt er hverju barni. Hvert og eitt barn er mikilvægt og hagsmunir þeirra eru alltaf hafðir að leiðarljósi í daglegu starfi leikskólans.



Faglegt menntasamfélag

Í leiðarljósi menntastefnunnar kemur fram að allir séu mikilvægir í menntasamfélaginu og til að árangur verði sýnilegur þarf að viðhalda stöðugri endurnýjun og framþróun. Í Asparlaut er þetta leiðarljós áberandi í daglegu starfi þar sem allt starfsfólk er mikilvægt í þeirri þróun sem nýtt húsnæði leiðir af sér. Starfsfólk tekur allt þátt í því að efla starf skólans, undirbúa kennsluefni og stuðla að gæði náms fyrir nemendur skólans.

Kraftur fjölbreytileikans



Í leiðarljósi stefnunnar um kraftinn í fjölbreytileikanum kemur fram hversu mikilvægt það er hverjum einstaklingi að fá að tilheyra. Þess vegna er afar mikilvægt að hver og einn fái að dafna í umhverfi þar sem styrkleikar þeirra fá að njóta sín. Í Asparlaut fær hver og einn einstaklingur að njóta sín á sínum eigin forsendum. Virðing er fyrir ólíkum einstaklingum og menningarheimum. Í Asparlaut starfar starfsfólk með erlendan bakgrunn auk þess sem 35% nemenda koma frá heimum þar sem bæði eða annað foreldri hafa erlendan bakgrunn.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnvænt samfélag er verkefni hjá Reykjanesbæ sem felst meðal annars í því að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þetta verkefni tengist inn í allt skólastarf Reykjanesbæjar og er mikilvægur áfangi í að gera bæinn að skilgreindu barnvænu samfélagi samkvæmt viðmiðum UNICEF (Reykjanesbær, 2020).

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna



Í *krafti fjölbreytileikans* er heildarstefna Reykjanesbæjar sem tengir saman 12 Heimsmarkmið við áherslu stefnunnar. Stefnunni og Heimsmarkmiðunum er ætlað að leiða okkur í átt að framtíðarsýnni og hafa áhrif á starfsáætlanir og verkefnaval starfsmanna til ársins 2030.

Stefnan í *krafti fjölbreytileikans* vísar í fjölbreytilegan mannauð bæjarfélagsins og samanstendur af framtíðarsýn, sex stefnuáherslum og þremur gildum. Heimsmarkmiðin eru síðan tengd hverri stefnuáherslu sem eru; *börnin mikilvægust, vellíðan íbúa, vistvænt samfélag, fjölbreytt störf, kraftur fjölbreytileikans og skilvirk þjónusta* (Reykjanesbær, 2020).



1.4 Gæðamarkmið

Mat á síðasta skólaári fór fram með ýmsum hætti. Starfsmannakannanir fara fram



reglulega. Könnun fyrir foreldra er á áætlun í febrúar.

Foreldrasamtöl fara fram tvisvar á ári og eru hluti af endurmati skólans þar sem farið er yfir Heilsubók barnsins á öllum deildum.

Starfsmannasamtöl fara fram einu sinni á ári. Starfsáætlun þessi er byggð á könnunum, samtölum og árlegu endurmati skólans.

Samantekt yfir helstu verkefni í Asparlaut, markmið þeirra og hvaða kennarar og teymi hafa yfirumsjón og bera ábyrgð á verkefnunum: (sjá mynd 1).

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar
Skipulag náms og námsaðstæður	Að búa leikskólann undir skipulagt starf m.t.t. námsefnis og skipulags	Vikuáætlanir aðlagðar að aðstæðum leikskólans í nýju húsnæði	Umræður á deildarstjórafundum og starfsmannafundum	Skólaárið	Deildarstjórar
Leikur og nám - lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Stuðla að þátttöku barna í leikskólastarfinu samkvæmt áherslum nýrrar menntastefnu Reykjanesbæjar	Nemendur hafa áhrif á val á leikefni, stuðlað að jafnrétti. Eldri deildar gera reglur og sáttmála fyrir deildina.	Umræður á deildarstjórafundum og starfsmannafundum	Haustönn 2025	Allt starfsfólk
Mat á námi og velferð barna	Hljóm-2 niðurstöður og EFI-2 niðurstöður leikskólans	Viðmið Hljóm-2 og EFI-2	Athuganir barna leikskólans	Skólaárið	Deildarstjórar og skólastjórnmendur
Fagmennska starfsfólks	Efling undirbúningstíma starfsfólks	Skráningar starfsfólks um nýtingu undirbúningstíma	Starfsfólk fyllir út eyðublöð eftir hvern undirbúningstíma	Skólaárið	Deildarstjórar
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Ný starfsmannahandbók og skólanámskrá	Starfsmannahandbók og skólanámskrá aðlöguð að nýjum leikskóla	Starfsmannahandbók aðgengileg starfsfólki - skólanámskrá á heimasíðu	Haustönn 2025	Skólastjórnmendur
Leikskólaþróun og starfsþróun	Fræðsla til starfsfólks um barnasáttmála	UNICEF réttindafræðsla um barnasáttmála	UNICEF réttindafræðsla fyrir starfsfólk leikskóla	Skólaárið	Leikskólastjóri
Leikskólaþróun og starfsþróun	Sáttmáli starfsfólks	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Haustönn 2025	Leikskólastjóri
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlun og	Gera nýja starfsáætlun og skólanámskrá fyrir Asparlaut	Menntastefna Reykjanesbæjar	Starfsáætlun og skólanámskrá	Haustönn 2025	Stjórnendateymi
Velferð og líðan barna	Fylgjast með velferð barna í nýju umhverfi skólans	Menntastefna Reykjanesbæjar	Vettvangsathuganir og samtöl við börn	Skólaárið	Allt starfsfólk
Heilsustefna Unnar Stefánsdóttur	Reglubundin athugun á áherslum heilsustefnu Unnar	Starfsfólk fyllir út gátlista á hverri deild fyrir sig	Gátlisti heilsuleikskóla	Haustönn 2025	Skólastjórnmendur
Gátlistar Heilsueflandi leikskóla	Gátlistar teknir fyrir	Alls fjórir þættir sem áhersla er lögð á	Gátlisti Heilsueflandi leikskóla	Skólaárið 2025-26	Heilsueflandi teymi Asparlautar
Mataræði	Viðmið fyrir mataræði náð	Matseðlar Skólamatar	"	"	Skólastjórnmendur og matráður Skólamatar
Öryggi	Viðmið fyrir öryggi náð		"	"	
Starfsfólk	Viðmið fyrir starfsfólk náð		"	"	Heilsueflandi teymi Asparlautar
Farsæld	Viðmið fyrir farsæld náð		"	"	Heilsueflandi teymi Asparlautar

Mynd 1

Áætlun innra mats 2025-2026:

Áætlun um innra mat er gerð á hverju hausti.
Símat fer fram reglulega á deildarstjórafundum.
Starfsmannasamtöl hefjast í desember 2025 og standa fram í janúar/febrúar 2026.
Skráningar í Heilsubók barnsins fara fram tvisvar á ári fyrir hvert barn í leikskólanum.
Foreldrasamtöl fara fram tvisvar sinnum á ári, í afmæismánuði barnsins og sex mánuðum seinna.
Efi-2 málproskaskimun fyrir börn á fjórða ári.
Hljóm-2 – Athugun á hljóð og málvitund leikskólabarna í elsta árgangi leikskólans.
Innra mat skólans fer fram allt skólaárið.
Símat fer fram hjá sérkennslustjóra og kennurum sem sjá um sérkennslu í samvinnu við deildarstjóra.
Endurmat fer fram á deildarstjóra- og fagfundum auk deildarfunda í lok skólaárs.

1.5 Jafnréttismál

Í leikskólanum Asparlaut er unnið eftir jafnréttisáætlun Reykjanesbæjar. Jafnréttisáætlunin er sett fram samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, og annarra laga og krafna er snúa að jafnrétti.

1.5 Helstu verkefni á árinu

Umsjón og ábyrgð í heilsuleikskólanum Asparlaut:

- ❖ Leikskólastjóri: Ingibjörg Guðjónsdóttir
- ❖ Aðstoðarleikskólastjóri: B. Sif Stefánsdóttir
- ❖ Sérkennslustjóri: Aldís Búadóttir
- ❖ Deildarstjóri í hreyfingu: Andrea Dögg Hallsdóttir
- ❖ Deildarstjórar: Linda H. Heiðarsdóttir, Fjóla Ævarsdóttir, Birna Ómarsdóttir og Una B. Ingimundardóttir.
- ❖ Öryggistrúnaðarmenn: Ingibjörg Guðjónsdóttir og Fjóla Ævarsdóttir.
- ❖ Heilsueflandi teymi: B. Sif Stefánsdóttir, Linda H. Heiðarsdóttir og Birna Ómarsdóttir.
- ❖ Stjórnendateymi: Ingibjörg Guðjónsdóttir, B. Sif Stefánsdóttir, Linda H. Heiðarsdóttir, Fjóla Ævarsdóttir, Birna Ómarsdóttir, Una B. Ingimundardóttir, Aldís Búadóttir og Andrea Dögg Hallsdóttir.
- ❖ Teymi innra mats: Stjórnendateymi skólans.
- ❖ Teymi þróunarverkefnis um vikuáætlanir: Deildarstjórar.
- ❖ Sköpunarteymi: Sylvía D. Pálsdóttir.
- ❖ Farsæld barna: Aldís Búadóttir, Ingibjörg Guðjónsdóttir og B. Sif Stefánsdóttir.

1.6 Skipulagsdagar og vetrarfrí

Fimm skipulagsdagar verða haldnir þetta árið:

Skipulagsdagur fimmtudagur 18. september 2025
Skipulagsdagur fimmtudagur 27. nóvember 2025
Skipulagsdagur föstudagur 2. janúar 2026
Skipulagsdagur fimmtudagur 19. mars 2026
Skipulagsdagur föstudagur 15. maí 2026

Aðrir frídagar í leikskólum Reykjanesbæjar fyrir utan almenna frídaga:

Vetrarfrí föstudagur 17. október 2025
Vetrarfrí mánudagur 20. október 2025
Vetrarfrí fimmtudagur 19. febrúar 2026
Vetrarfrí föstudagur 20. febrúar 2026
Páskafrí (dymbilvika) mánudagur 30. mars 2026
Páskafrí (dymbilvika) þriðjudagur 31. mars 2026
Páskafrí (dymbilvika) miðvikudagur 1. apríl 2026

1.7 Foreldrasamstarf

Eitt meginmarkmið í uppeldisstarfi leikskóla er að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barnanna í samræmi við þarfir þeirra og þroska og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega. Til þess að leikskóli geti unnið að þessu markmiði er nauðsynlegt að hafa náið samstarf við foreldra eða forráðamenn barnanna.

Í aðalnámskrá leikskóla segir:

Þegar börn hefja leikskólagöngu þurfa foreldrar og leikskóli að leggja grunn að samstarfi þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi. Þar ber leikskólakennurum og öðru starfsfólki að sýna fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning og virðingu.

Samstarf starfsfólks leikskóla og foreldra þarf að byggjast á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hverra annarra. Mikilvægt er að á milli þessara aðila ríki traust, þeir geti deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða einstök börn. Starfshættir leikskóla eiga að hvetja til samvinnu og samstarfs milli barna, starfsfólks, foreldra og nærsamfélags. Í leikskóla þarf að finna fjölbreyttar leiðir til samstarfs við fjölskyldur og leita margvíslegra leiða til að koma á framfæri upplýsingum um starfshætti og starf leikskólans. Tíðust samskipti fara fram þegar foreldrar koma með börn sín og sækja þau í leikskólann og mikilvægt er að sá tími sé nýttur til daglegra samskipta sé þess kostur.

(Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011)

Áhersla er á gott upplýsingaflæði til foreldra og er heimasíða skólans notuð, einnig tölvupóstur, Vala leikskólakerfi, lokaðar Facebooksíður fyrir hverja deild ásamt upplýsingum í fataklefum skólans. Horft hefur verið til vilja og þarfa foreldra um aðgengi að upplýsingum um skólastarf og líðan barnsins í leikskólanum.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum um leikskóla er foreldraráð starfandi í Asparlaut. Skólaárið 2025-26 sitja tveir foreldrar í foreldraráði. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldrafélag

Í Asparlaut er starfandi foreldrafélag. Í stjórn eru iðulega um einn til tveir úr hópi foreldra af hverri deild og einn úr hópi kennara Asparlautar.

Í foreldrafélagi Asparlautar skólaárið 2024-2025 störfuðu alls 10 foreldrar. Aðalfundur félagsins 2025 er á dagskrá í nóvember þar sem kosið verður í nýja stjórn félagsins fyrir skólaárið 2025-26. Tengiliður foreldrafélagsins er aðstoðarleikskólastjóri Asparlautar.

Foreldrasamtöl

Foreldrasamtöl fara fram tvisvar á árinu. Með tilkomu rafrænnar Heilsubókar barnsins, sem er skráningartæki heilsustefnunnar, fara viðtöl fram í afmælistíðum barnanna og hálfu ári seinna.

1.8 Endurmenntun

Á hverju hausti er mótuð símenntunaráætlun þar sem tekið er tillit til óskum frá starfsfólki og þeim námskeiðum og fyrirlestrum sem boðið er upp á hverju sinni. Helstu áherslur á skólaárinu eru:

Fróði – fræðslukerfi fyrir starfsfólk Reykjanesbæjar: Ýmis fræðsla.
Nýliðafræðsla fyrir nýtt starfsfólk. Kynning á kennsluefni leikskólans.
Kynning á kennsluefni leikskólans fyrir allt starfsfólk.
Trúnaðarmannanámskeið haldin einu sinni á ári fyrir trúnaðarmenn stéttarfélaganna.
Skipulagsdagar: fræðsla skipulögð af stjórnendum skólans.
Annað

Lokaorð

Nýju skólaári í Asparlaut er tekið fagnandi. Nýtt húsnæði fyrir börn og starfsfólk er að venjast hratt og vel og því er nýju skólaári tekið með gleði og spennu. Kennsluefni í nýjum skóla er í þróun og öll starfsemi hefur fengið upplýtingu með nýju verklagi og áherslum í nýju húsnæði. Gaman er að segja frá því að allt starfsfólk skólans fær að taka þátt í þessari þróun.

Alls fimm af sex deildum skólans hafa verið opnaðar og stefnt er að því að opna sjöttu og síðustu deildina um leið og færi gefst, með tilliti til þess að deildarstjóri og annað starfsfólk fái stund til starfa. Ljóst er að áskoranir eru margar í leikskólanum og sveitafélaginu öllu þar sem fjölbreytileikinn er mikill. Ýmsar áskoranir eru í starfi með börnum sem hafa mismunandi þjóðerni og fjölbreyttan bakgrunn. Í september 2025 voru börn með erlendan bakgrunn alls 35% af nemendum Asparlautar.

Það hafa verið forréttindi að taka þátt í þessu verkefni að taka við nýbyggingu leikskóla og færa þangað inn alla starfsemi Garðasels. Verkefnið hefur verið í senn bæði skemmtilegt og krefjandi og heldur áfram að vera það um sinn á meðan verið er að leggja lokahönd á ýmislegt í húsnæðinu.

Ingibjörg Guðjónsdóttir, leikskólastjóri

B. Sif Stefánsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri



VIRÐING

VIÐ BERUM **VIRÐINGU** HVERT FYRIR
ÖÐRU, ERUM UMBURDARLYND
GAGNVART ÓLÍKRI MENNINGU
OG MISMUNANDI AÐSTÆÐUM.



ELDMÓÐUR

VIÐ TÖKUMST Á VIÐ FJÖLBREYTTAR
ÁSKORANIR AF ÞRAUTSEIGJU OG
ELDMÓÐI. SÝNUM FRUMKVÆÐI OG
ERUM STOLT AF OKKAR FRAMLAGI



FRAMSÆKNI

VIÐ MÆTUM FRAMTÍÐinni MED
ÁRÆÐNI OG ERUM **FRAMSÆKIN**
VIÐ ÞRÓUN NÝRRRA LAUSNA.

Samþykki frá foreldraráði

Foreldraráð Asparlautar hefur kynnt sér starfsáætlun Asparlautar fyrir skólaárið 2025-2026 og samþykkir hana:

Elva Lsa Sveinsdóttir

mon Long Johnson

Viðauki

Leikskóladagatal Asparlautar 2025-2026

Samband íslenskra sveitarfélaga


Leikskóladagatal 2025 - 2026



Nafn leikskóla: Leikskólinn Asparlaut

Leikskóladagatal er birt með fyrirvara um breytingar.

AGUST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F Sumari	1 M	1 M	1 M	1 F	1 F	1 S	1 S	1 M	1 F	1 M	1 M
2 L	2 B	2 F	2 S	2 B	2 F	2 M	2 M	2 F	2 L	2 B	2 F
3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 B	3 B	3 F	3 S	3 M	3 F
4 M	4 F	4 M	4 B	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L
5 B	5 F	5 S	5 M	5 F	5 M	5 F	5 F	5 B	5 B	5 F	5 S
6 M	6 L	6 M	6 M	6 L	6 B	6 F	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M
7 F	7 B	7 F	7 F	7 S	7 M	7 L	7 L	7 B	7 F	7 S	7 B
8 F	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M
9 L	9 B	9 F	9 S	9 B	9 F	9 M	9 M	9 F	9 L	9 B	9 B
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 L	10 B	10 B	10 F	10 S	10 M	10 M
11 M	11 F	11 M	11 B	11 F	11 S	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 F
12 B	12 M	12 B	12 M	12 F	12 M	12 L	12 L	12 B	12 B	12 M	12 M
13 M	13 F	13 M	13 F	13 S	13 M	13 B	13 B	13 F	13 S	13 M	13 M
14 F	14 B	14 F	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L	14 B	14 F	14 S	14 S
15 F	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M
16 L	16 B	16 F	16 S	16 B	16 F	16 M	16 M	16 F	16 L	16 B	16 B
17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 L	17 B	17 B	17 F	17 S	17 M	17 M
18 M	18 F	18 M	18 B	18 F	18 S	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 F
19 B	19 M	19 B	19 M	19 F	19 M	19 L	19 L	19 B	19 F	19 S	19 S
20 M	20 F	20 M	20 F	20 S	20 M	20 B	20 B	20 F	20 S	20 M	20 M
21 F	21 B	21 F	21 F	21 S	21 M	21 L	21 L	21 B	21 F	21 S	21 S
22 F	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S	22 S	22 M	22 F	22 M	22 M
23 L	23 B	23 F	23 M	23 B	23 F	23 M	23 M	23 L	23 B	23 F	23 F
24 S	24 M	24 F	24 M	24 M	24 L	24 B	24 B	24 F	24 S	24 M	24 M
25 M	25 F	25 M	25 B	25 F	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 F
26 B	26 M	26 B	26 M	26 F	26 M	26 L	26 L	26 B	26 F	26 S	26 S
27 M	27 F	27 M	27 F	27 S	27 M	27 B	27 B	27 F	27 S	27 M	27 M
28 F	28 B	28 F	28 F	28 S	28 M	28 L	28 L	28 B	28 F	28 S	28 S
29 F	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F	29 S	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M
30 L	30 B	30 F	30 M	30 B	30 F	30 M	30 M	30 L	30 B	30 F	30 F
31 S		31 F		31 M	31 L			31 B	31 F		31 F

Tölulegar upplýsingar







UNIVERSITY OF THE PACIFIC

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959

1959